

Ed.

684. Frumvarp til laga

[329. mál]

um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem afgreidd verða á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd skuldbreytingarlána samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í framhaldi af setningu reglugerðar um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1984 og ákvörðunar fiskverðs í byrjun febrúar 1984, er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í fjárhagsmálum sjávarútvegsins. Einn þáttur í þeim ráðstöfunum er skuldbreyting stofnlána útvegsins. Skuldir útvegsins eru miklar og greiðslubyrðin þung. Í ítarlegri úttekt, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert á fjárhagsstöðu útvegsins, kemur m. a. fram að áhvílandi skuldir útgerðar vegna stofnlána námu í árslok 1983 7 470 millj. kr., þar af voru 1 075 millj. kr. í vanskilum. Á sama tíma námu viðskiptaskuldir útgerðarinnar um það bil 850 millj. kr., samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar.

Hugmyndir um skuldbreytingu útgerðarskulda, sem lagðar hafa verið fram og m. a. hefur verið mælt með af ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsból, gera ráð fyrir því að áhvílandi skuldum, hvort sem þær eru í skilum eða vanskilum, allt að 90% af húftryggingarverðmæti, verði breytt í lán, sem hafa jafnlangan lánstíma og upphaflegu stofnlánin að viðbættu einu til sjö árum, og ræðst lengingin af hlutfalli áhvílandi skulda. Slík skuldbreyting myndi létta greiðslubyrði útgerðarinnar af stofnlánum verulega.

Áhvílandi skuldir útgerðar við Fiskveiðasjóð í árslok 1983 námu 5 401 millj. kr., þar af voru 762 millj. kr. í vanskilum.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 44/1976 er Fiskveiðasjóði heimilt að veita lán sem nemur allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar eða matsverðs. Ein af forsendum þess að til skuldbreytingar geti komið er að Fiskveiðasjóður hafi heimild til að veita lán sem nemi allt að 90% af húftryggingarverðmæti skipanna. Því er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.